



Fundargerð stjórnar

16. fundur

Föstudaginn 30. janúar 2009 var fundur haldinn í stjórn byggðasamlagsins á skrifstofu Sveitarfélagsins Skagastrandar og hófst fundur kl 9.30. Á fundinn voru mættir stjórnarmennirnir: Gunnar Bragi Sveinsson, Vignir Kjartansson og Magnús B. Jónsson.

Á fundinum voru eftirfarandi málefni tekin fyrir:

1. Samningur um land til urðunar.

Farið var yfir forsendur þess að koma upp sameiginlegum urðunarstað. Undir umræðunni var haft símasamband við Gunnar Svavarsson hjá verkfræðistofunni Eflu. Hann tók að sér að reikna áæltun fyrir stofnkostnað og rekstur urðunarstaðarins m.v. 10 ára lánstíma og áætlað leiguverð.

Á fundinn mætti Magnús Ólafsson, frá fasteignasölnunni Domus og fór yfir helstu samningsforsendur.

Ákveðið að láta reyna á vilja eigendafundar um leigu lands og uppbyggingu urðunarsvæðis fyrir sveitarfélög í Skagafirði og A-Hún. Stefnt að eigendafundi innan 6 vikna.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl 11.00

Gunnar Bragi Sveinsson

Magnús B. Jónsson

Vignir Kjartansson